



Starfsmaður í skólamötuneyti. Vertu með í frábærum hóp!

Okkur í Grunnskólanum í Þorlákshöfn vantar hressan starfsmann í skólamötuneytið okkar. Starfshlutfall er 77%. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf 6. janúar 2026.

Í skólanum eru um 290 nemendur og starfsmenn eru um 70 talsins. Skólinn vinnur samkvæmt hugmyndafræði Uppeldis til ábyrgðar og teymiskennslu auk þess sem unnið er að innleiðingu leiðsagnarnáms. Þá tekur skólinn þátt í verkefnum um Grænfána og Heilsueflandi skóla. Einkunnarorð skólans eru *vinátta, virðing og velgengni*.

Viltu vita meira? Kíktu þá á heimasíðuna okkar: <https://www.olfus.is/grunnskolinna>.

Í starfinu felst eftirfarandi:

- Aðstoð við matargerð vegna hádegisverðar og hressingar
- Framreiðsla á mat
- Frágangur og þrif í skólaeldhúsi og matsal

Menntunar og hæfniskröfur:

- Reynsla af starfi í eldhúsi er kostur.
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Stundvísi, snyrtimennska og jákvætt viðhorf

Laun eru skv. kjarasamningi FOSS og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Umsóknarfrestur er til 2. janúar 2026.

Nánari upplýsingar veita: Ólína Þorleifsdóttir, skólastjóri og Garðar Geirfinnsson, aðstoðarskólastjóri
olina@olfus.is / gardar@olfus.is.

Umsækjandi þarf að skila inn sakavottorði í samræmi við reglur sveitarfélagsins.

Umsóknum skal skilað rafrænt í gegnum heimasíðu Sveitarfélagsins Ölfuss.

<https://www.olfus.is/is/moya/formbuilder/index/index/umsokn-um-starf>

